

AUGLÝSING

um umferð í Keflavík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Keflavíkur og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér settar eftirgreindar reglur um umferð í Keflavík:

Biðskylda samkvæmt 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga verður framvegis á Skólavegi við Flugvallarveg andstætt því sem nú er.

Bannað er að stöðva ökutæki eða leggja þeim á Skólavegi að norðanverðu á kaflanum milli Hafnargötu og Suðurgötu.

Bannað er að stöðva ökutæki eða leggja þeim beggja vegna Skólavegar á kaflanum milli Suðurgötu og Sólvallagötu.

Bannað er að leggja ökutæki á Skólavegi að norðanverðu á kaflanum milli Sólvallagötu og Hringbrautar.

Hafnargötu milli Flugvallarvegar og Faxabrautar hefur nú verið skipt í tvær akreinar, þegar ekið er til norðurs, og er framúrakstur því heimill á þessum kafla.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Keflavík, 2. nóvember 1982.

Jón Eysteinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilishjálp á Húsavík.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta skv. reglugerð um heimilisþjónustu, skal sá er þjónustu nýtur greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga:

1. taxti — kr. 0,00 fyrir hverja unna klukkustund.
2. taxti — kr. 6,00 fyrir hverja unna klukkustund.
3. taxti — kr. 45,00 fyrir hverja unna klukkustund.

2. gr.

1. taxti gildir fyrir þá notendur, sem hafa fulla tekjutryggingu almannatrygginga.
2. taxti gildir fyrir þá notendur, sem hafa minni tekjur en sem svarar til tvöfalds einstaklingslífeyris almannatrygginga auk tvöfaldrar tekjutryggingar.
3. taxti gildir fyrir þá notendur, sem hafa hærri tekjur en að framan greinir.

3. gr.

Gjaldstiginn er saminn með viðmiðun við mánaðarlaun starfsfólks heimilisþjónustunnar og ber að breyta honum til samræmis við þær breytingar, sem á þeim kunna að verða.

4. gr.

Félagsmálaráði Húsavíkur er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari, ef umsókn um það berst ráðinu og aðstæður krefjast þess.